Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um kjörgengisskrár við amtsráðskosningar.** — Í þóknanlegu brjefi frá 9. apríl þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, með tillit til kosninga þeirra til amtsráðsins, er fram eiga að fara á öndverðu næsta ári, leitt athygli mína að því, að nú, eptir að lög um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877 eru komin í stað hinna eldri kosningarlaga, tilskipunar 6. jan. 1857, og þarmeð er hætt að semja sjerstakar kjörgengisskrár til alþingis, þá sje eigi mögulegt að fara eptir 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 um aðferðina við kosningar til amtsráðs, þarsem amtmenn vanti kjörgengisskrár þær, sem þar er gjört ráð fyrir, til að semja eptir þeim kjörgengisskrárnar til amtsráðsins, og þó að sýslumenn, sem sjeu kunnugri en amtmenn högum hvers einstaks manns á hverjum stað, muni ef til vill geta samið slíkar skrár eptir kjörskránum til alþingis, þá yrðu þó þær skrár, sem þannig kæmu til, engar eiginlegar kjörgengisskrár, eins og þær, sem 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar hefði fyrir augum, þarsem hvergi væri fyrirskipað, að þær skyldu liggja almenningi til sýnis um ákveðinn tíma. Með því að þannig sje eigi hægt að framfylgja hinum umræddu fyrirmælum sveitastjórnartilskipunarinnar, og af því að eins megi að yðar áliti vera án kjörgengisskráa við amtsráðskosningar eins og við alþingiskosningar, hafið þjer leitað úrskurðar míns um það, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að viðhöfð verði við hinar íhöndfarandi amtsráðskosningar lík aðferð, og þjer skýrið frá, að amtið hafi haft við síðustu amtsráðskosningar, þannig að sýslunefndunum verði lagt fyrir að hegða sjer eptir þeim almennu reglum laganna um kjörgengi til alþingis (sbr. 45. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar), þá er þær kjósa menn til amtsráðsins, án þess amtmaður sendi þeim neina skrá yfir þá, sem kjörgengir sjeu til amtsráðsins. **117** 21. nóv.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg álít ekki rjett að víkja frekar frá fyrirmælum sveitastjórnartilskipunarinnar í 45. og 46. gr. um kosningar til amtsráðs, en óumflýjanlega nauðsynlegt er orðið við útkomu hinna nýju kosningarlaga til alþingis frá 14. sept. 1877, og að jeg þessvegna álít, að amtmanni beri enn að senda sýslunefndunum til afnota við amtsráðskosningar svo nákvæmar og rjettar skrár yfir kjörgenga menn til amtsráðsins, sem föng eru á, samdar eptir kjörskránum til alþingis. Sjer til leiðbeiningar í þessu efni getur amtmaður lagt fyrir sýslumennina, þá er þeir senda honum eptirrit af kjörskránum, að tilfæra í skrám þessum, ekki einungis aldur kjósendanna, heldur einnig athugasemd eða merki við þá af kjósendunum, sem af öðrum orsökum en þeim, að þeir ekki hafi náð hinum lögákveðna aldri, ekki hafa kjörgengi, og eptir þessum skýrslum getur amtmaður síðan sjálfur búið til aðalkjörgengisskrá, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að slík skrá, þó að hún, ef til vill, verði ekki að öllu leyti eins tryggileg og kjörgengisskrá sú, sem 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar hefur fyrir augum, geti í öllu verulegu veitt sýslunefndunum sama stuðning og sömu upplýsingar við kosningarnar til amtsráðsins, sem nefnd lagagrein gjörir ráð fyrir.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um heimild sýslumanna til að láta hreppstjóra halda uppboð m. m.** — Með þóknanlegu brjefi frá 12. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 8. s. m., þarsem hann spyrst fyrir um: **118** 22. nóv.

30. d. nóv. 1883.